

25. gr.

Skólanefnd heldur fundi, svo oft sem þurfa þykir, þó ekki sjaldnar en einu sinni í mánuði á starfstíma skólans. Óski einn eða fleiri skólanefndarmenn eftir fundi, skólastjóri eða fræðslustjóri Reykjanesumdæmis, skal formaður nefndarinnar boða til fundar svo fljótt sem auðið er. Skólastjóri skal jafnan boðaður á skólanefndarfund. Skólastjóri og fræðslustjóri Reykjanesumdæmis hafa mál-frelsi og tillögurétt á skólanefndarfundum. Skólanefnd getur enga ályktun gert nema meiri hluti hennar sé á fundi. Skólanefndarmenn hafa ekki atkvæðisrétt í þeim málum, er varða þá persónulega. Skólanefndarfundur telst löglegur hafi hann verið boðaður með minnst 2ja daga fyrirvara.

26. gr.

Rita skal í gerðabók allar samþykktir og ályktanir skólanefndar. Viðstaddir fundarmenn undirrita fundargerðina. Fundargerðabók, afrit af skýrslum og sendum bréfum skulu vera í vörslu formanns skólanefndar eða á öðrum öruggum og tiltækum stað, ef hentara þykir. Afrit af fundargerðum og skýrslum skólanefndar skulu send stjórni SASÍR og fræðsluskrifstofu Reykjanesumdæmis.

27. gr.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist sem annar rekstrarkostnaður skólans. Nefndin er ólaunuð.

Í menntamálaráðuneytinu, 1. júlí 1974.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

S A M Þ Y K K T**um sorphreinsun í Höfðahreppi.****1. gr.**

Höfðahreppur sér um sorphreinsun frá öllum fasteignum á skipulögðu svæði kaupsinsins. Fer hún fram undir yfirstjórn sveitarstjóra og með umsjón heilbrigðisnefndar kaupsinsins.

2. gr.

Daglegt sorp frá íbúðarhúsum, veitingastöðum, verslunum o. s. frv. innan kaupsinsins skal sett í sérstaka poka, sem sveitarfélagið afhendir.

Pokunum skal komið fyrir í sérstakri grind eða tunnu, sem smíðuð er fyrir pokann, og skal lok vera yfir og þessu komið fyrir á stað, sem auðvelt er að komast að til losunar.

Húseigendur skulu bera allan kostnað af pokagrindunum eða tunnunum. Fyllsta hreinlætis skal gætt í umhverfi sorppoka.

Sorphreinsun skal framkvæma vikulega, þó ekki sjaldnar en 40 sinnum á ári.

Fjöldi sorptunna og sorpgrinda skal miðaður við, að pokarnir yfiryllist ekki milli tveggja tæminga. Sorphreinsun fer fram á virkum dögum, en ekki eftir kl. 23.

Við hvert hús skal vera a. m. k. ein grind eða tunna fyrir hvert heimili ásamt aukagrindum eða tunnum eftir því, sem nauðsyn er. Hugsanleg vafatriði varðandi fjölda grinda eða tunna úrskurðar heilbrigðisnefnd kaupþúsins.

Við stórhátíðar eða ef útlit er fyrir stöðvun á sorphreinsun af einhverjum ástæðum geta húseigendur fengið aukapoka eftir þörfum í áhaldahúsi hreppsins.

3. gr.

Í sorppoka má setja venjulegt sorp frá heimilum, þó ekki meira en 25 kg í hvern poka. Ekki má setja glóð eða heita ösku í sorppoka. Blautt sorp, glerbrot, oddhvassa eða beitta hluti má aðeins setja í plast eða pappír í pokana.

Pokana má ekki offylla, svo að ekki sé hægt að loka þeim eða hafa lok yfir því íláti sem þeir eru í. Sorpið má ekki heldur hanga yfir pokaröndina eða vera dreift umhverfis sorppokana.

Mold, möl, grjót og svipað efni má ekki láta í pokana, en skal flutt á afmarkað svæði skv. nánari fyrirmælum sveitarstjórnar. Þangað er bannað að flytja pappír, plast eða eyðanlegt sorp. Bannað er að aðgreina og flytja burt úrganga frá slíku svæði.

Bílhrae og brotajárn skal flutt á afmarkað svæði skv. nánari fyrirmælum sveitarstjórnar.

Bannað er að urða olíuleifar eða önnur efni, sem mengað geta jarðveg í bæjarlandinu og einnig er bannað að kasta slíkum efnum í sjóinn. Skal þeim brennt eða eytt á annan hátt eftir því, sem kostur er á, og skal slík eyðing fara fram undir eftirliti heilbrigðisnefndar og starfsmanna hreppsins.

4. gr.

Fyrirferðarmikum en brennanlegum úrgangi, svo sem umbúðum og því um líku skulu forsvarsmenn heimila og atvinnureksturs koma á sorphreinsunarbíl þegar hreinsun fer fram eða í sporhaugastað skv. nánari fyrirmælum sveitarstjórnar.

5. gr.

Kostnaður við almenna sorphreinsun og sorpeyðingu greiðist úr sveitarsjóði. Sveitarstjórn er heimilt að innheimta sérstakt sorphreinsunargjald, skv. nánari ákvörðun, með fasteignagjöldum hvers árs.

6. gr.

Kvörtunum vegna sorphreinsunar skal koma skriflega til sveitarstjórnar.

7. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggji við að lögum. Með brot á samþykktinni skal farið að hætti opinberra mála.

8. gr.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Höfðahrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit

til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 3. júlí 1974.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um takmörkun á síldveiði íslenskra skipa í Norðursjó og Skagerak.

1. gr.

Allar síldveiðar íslenskra skipa í Norðursjó og Skagerak eru bannaðar nema að fengnu sérstöku leyfi sjávarútvegsráðuneytisins. Gildir þetta á svæði, sem takmarkast að norðan af 62° n.br., að vestan af 4° v.lgd. frá 62° n.br. að strönd Skotlands og í Ermarsundi af 1° v.lgd. Að austan takmarkast svæðið af línu, sem dregin er milli Skagen og Pater Noster vita.

2. gr.

Ráðuneytið getur bundið veiðileyfi skv. 1. gr. þeim skilyrðum, er þurfa þykir til þess að tryggja að síldarafli sé ætlaður til manneldis eingöngu og framkvæmd þeirra veiðikvóta og reglna, sem samþykktar hafa verið eða kunna að verða samkvæmt 7. gr. alþjóðasamnings um fiskveiðar í norðausturhluta Atlantshafs, er gerður var í London 24. janúar 1959.

3. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála, og varðar brot viðurlögum samkvæmt 2. gr. laga nr. 14 30. mars 1960.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 14 30. mars 1960 um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæði alþjóðasamnings, er gerður var 24. janúar 1959, um fiskveiðar í norðausturhluta Atlantshafs, ásamt viðbæti, sbr. auglýsingu nr. 8 27. júní 1963, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt eru felldar úr gildi auglýsingar nr. 8 10. febrúar 1972 um takmörkun á síldveiði í Norðursjó og Skagerak og nr. 28 23. janúar 1974 um breytingar á hinni fyrrnefndu.

Sjávarútvegsráðuneytið, 4. júlí 1974.

Lúðvík Jósepsson.

Jón L. Arnalds.